



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2021
R15020197
3580

Borgarráð

Laugardalsvöllur - fjárframlag

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi erindi sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs, vegna reksturs Laugardalsvallar, dags. 14. desember sl. Viðaukasamningur sem gert er ráð fyrir verði lagður fyrir borgarráð til samþykktar. Í þeim samningi verði ákvæði um aukið gagnsæi í fjármálum og opið bókhald.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs vegna Laugardalsvallar, dags. 14.12.2020.



Reykjavík, 14. desember 2020
2019070002

Borgarráð

Efni:

Laugardalsvöllur

Vísað er til bréfs Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) til borgarstjóra, dags. 26. júní 2019, þar sem óskað var eftir endurskoðun á samningi milli Reykjavíkurborgar og KSÍ frá 13. ágúst 2014, um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn gildir til 31. desember 2025. Erindinu var vísað til sviðsstjóra ÍTR.

Vísað er í 3. gr. samningsins um endurskoðun vegna breytinga á æfingum og mótahaldi m.a. vegna þess að greiðslur Reykjavíkurborgar vegna heimaleikja Fram hafa fallið alveg niður frá árinu 2019 og að nokkru leyti árin áður og því væntanlega um fyrirsjáanlega framtíð.

Á fundi borgarráðs 30. apríl 2020 var samþykkt að fela sviðsstjóra ÍTR, borgarlögmanni, skrifstofustjóra eignaskrifstofu ásamt fjármálastjóra ÍTR að eiga viðræður við KSÍ.

Niðurstaða vinnunnar er sú að mælt er með því að árlegt framlag Reykjavíkurborgar til reksturs Laugardalsvallar verði 57,0 m.kr. frá og með 2020. Um er að ræða fast árlegt framlag sem tekur mið af vísitölu neysluverðs eins og gert er ráð fyrir í nágildandi 3. gr. samningsins. Þá verði greitt til KSÍ 42,0 m.kr. vegna 3. gr. III liðar samningsins vegna heimaleikja Fram. Greiðsla þessi verði innt af hendi árið 2020.

Miðað við þessa fjárhæð verður að hækka fjárframlag til ÍTR vegna greiðslu til KSÍ um 7,7 m.kr. á ári árin 2020 til 2025.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að endurskoða samning milli Reykjavíkurborgar og KSÍ, til samræmis við ofangreint.